



Til þess er málið varðar:

Hella, 14. nóvember 2024  
2411002 JRÖ

Efni: Minni Vellir-Grenndarkynning

## Minni Vellir. Grenndarkynning

### Breyting á deiliskipulagi

Á fundi skipulagsnefndar 7. nóvember 2024 var lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Minni Valla vegna lóðanna Ásavellir, Óskasteinn, Lækjavellir, Minni-Vellir lóð 5, Minni-Vellir lóð 6 og Minni-Vellir 7. Í breytingunni felst að fyrirhugað er að reisa frístundahús á lóðum Óskasteins og Ásavalla. Lóðir Lækjarvallá og Minni-Valla 5, 6 og 7 verða óbyggðar en lóðamörkum þeirra breytt og tryggð aðkoma að þeim.

Með vísan til 2. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2010 er eftirtöldum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna: Lóðareigendum við Minni-Velli 5 og 6. Litið er á að eigendur þeirra lóða sem tengjast tilgreindri breytingu séu þegar samþykkir.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa.

Kynning hefst þann 14. nóvember nk. og skal athugasemdum við ofanskráða tillögu komið í gegnum [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) undir máli nr.1366/2024, á skipulagsfulltrúa skriflega eða á netfangið [jonragnar@ry.is](mailto:jonragnar@ry.is) eigi síðar en 12. desember 2024. Þeir sem ekki senda inn athugasemdir fyrir tilskilinn frest teljast tillögunni samþykkir.

Virðingarfyllst,

  
Jón Ragnar Örylgsson  
Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa